



## Efni: Tillaga til þingsályktunar um eflingu landvörslu, 274. mál.

Landverðir gegna lykilstöðu í umsjón og eftirliti með náttúru Íslands. Landverðir starfa á vettvangi og sjá með eigin augum ástand lands og þróun þess í ljósi álags.

Vegna mikilvægis landvarða í umsjón náttúrusvæða telur Breiðafjarðarnefnd að með markvissri áætlun um eflingu landvörslu yrði stefnt í rétta átt til að gæta náttúrusvæða víðs vegar um landið sem eru undir álagi, meðal annars vegna innlendra og erlendra ferðamanna.

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að skipuleggja landvörslu með langtímamarkmið í huga. Tryggja þarf skráningu álags á svæðum og að tekið sé mið af henni við úrbætur og aðlögun stefnu til að vernda og koma í veg fyrir skemmdir á náttúru. Markmiðið ætti alltaf að vera að komandi kynslóðir geti notið svæðisins á sama hátt og núverandi kynslóð.

Ekki hefur verið sett langtímastefna um landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar. Landverðir eru hins vegar á tveim svæðum sem tilheyrja verndarsvæði Breiðafjarðar yfir sumarið. Þessi svæði eru friðlandið í Vatnsfirði, sem er að hluta til innan verndarsvæðis Breiðafjarðar, og Flatey, sem er alfarið innan verndarsvæðisins.

Árin 2019 til 2021 úthlutaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið í fyrsta sinn fjármunum til landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar utan áðurnefndra undirsvæða. Í skýrslum landvarða við Breiðafjörð komu fram nokkur atriði sem sýna hversu mikilvægar langtímaáætlanir eru hvað varðar landvörslu. Árið 2019 fór fram könnun á ákveðnum stöðum á og við verndarsvæðið en ekki var farið í eyjar til að skoða og meta ástand þeirra nema í Flatey. Það má segja að landvarslan 2019 hafi ekki nýst sem skyldi sökum þess að landvörður var við störf utan háannatíma ferðaþjónustu á Íslandi. Árin 2020 og 2021 voru landverðir við störf á þeim árstíma sem flestir eru á ferðalögum en heimsfaraldur kórónaveirunnar hafði áhrif á ferðatíðni og erlendir ferðamenn voru mun færri en árin á undan. Eins og 2019 fóru landverðir 2020 og 2021 ekki markvisst í eyjar Breiðafjarðar til að skoða nýtingu og ástand þeirra, að Flatey undantekinni. Hið jákvæða við stöðuna 2020 og 2021 var þó að landverðir höfðu meira svigrúm til að ræða við heimafólk og leggja við hlustir hjá þeim sem best þekkja aðstæður á hverjum stað. Þeir könnuðu einnig með beinum hætti staði sem ekki hafa áður verið skoðaðir með augum landvarða og þarfagreindu að einhverju leyti hvað varðar álag af völdum ferðamanna. Landverðir skráðu framvindu vinnu sinnar og því er nú til staðar nokkuð góður grunnur sem getur vel nýst við framtíðarskipulagningu landvörslu á og við verndarsvæðið.

Ekki hefur verið unnið úr gögnum sem söfnuðust við Breiðafjörð 2021, líkt og árin 2019<sup>1</sup> og 2020<sup>2</sup>, þar sem greiningar höfðu verið settar fram í skýrslum fyrri ára og gögn árs 2021 höfðu lítið við þær

<sup>1</sup> Umhverfisstofnun. (2020). Landvarsla við Breiðafjörð 2019. <https://ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/Fridlyst-svaedi/Landvarsla%20við%20Breiðafjörð%202019.pdf>

<sup>2</sup> Umhverfisstofnun. (2021). Landvarsla við Breiðafjörð 2020. <https://ust.is/library/sida/Nattura/Landvarsla%20við%20Breiðafjörð%202020.pdf>



## BREIÐAFJARÐARNEFND

eldri að bæta að mati Umhverfisstofnun<sup>3</sup>. Landvarsla hefur ekki verið fest í sessi á svæðinu sem heild, hvorki til skemmri né lengri tíma. Breiðafjörður er mikilvægt svæði fyrir ferðamenn og nýting svæðisins er mikil. Álag á náttúru svæðisins er þar af leiðandi vaxandi.

Landvarsla er mikilvægt stjórnþæki til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif vegna ferðamanna. Öflug og vel skipulögð landvarsla er góð og hagkvæm leið til verndar náttúrunnar og ætti því að stuðla að eflingu hennar á landsvísu. Álag á náttúru Breiðafjarðar vex eins og á mörgum öðrum svæðum og getur landvarsla stuðlað að betri nýtingu svæða í sátt við heimamenn og verndunarmarkmið. Landvarslan þarf engu að síður að vera markviss og skipulögð til langs tíma til að tryggja sett markmið.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar

Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

---

<sup>3</sup> Persónuleg samskipti við Umhverfisstofnun. (22. mars 2023).